

Byggðasamlagið Oddi bs.

Ársreikningur 2018

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar.....	3
Áritun óháðs endurskoðanda.....	4
Rekstrarreikningur.....	6
Efnahagsreikningur.....	7
Sjóðstreymisyfirlit.....	8
Skýringar.....	9

Skýrsla og áritun stjórnar

Byggðasamlagið Oddi bs. er byggðasamlag og aðilar að því eru Rangárþing ytra og Ásahreppur. Byggðasamlagið hóf starfsemi í ársbyrjun 2016.

Byggðasamlagið annast rekstur leikskóla og grunnskóla í sveitarfélögunum.

Á árinu námu laun byggðasamlagsins 497,1 millj. kr., og launatengd gjöld námu 119,9 millj. kr.

Rekstrarkostnaði byggðasamlagsins er skipt milli aðildarsveitarfélaganna samkvæmt samningi þeirra á milli.

Stjórn byggðasamlagsins staðfestir hér með ársreikning Byggðasamlagsins Odda bs. fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Hellu, 2. apríl 2019.

Stjórn:



Margrét Hapa Guðsteinsdóttir

Hsta. Þugga Þóla Þóla

Ágúst Ólafsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda Byggðasamlagsins Odda bs.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Byggðasamlagsins Odda bs. fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu byggðasamlagsins 31. desember 2018 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð byggðasamlaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn að leggja mat á rekstarhæfi byggðasamlagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa byggðasamlagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits byggðasamlagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi byggðasamlagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert byggðasamlagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögg mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Hellu, 2. apríl 2019.

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur árið 2018

	Skýr.	2018	Áætlun 2018	2017
Rekstrartekjur				
Rekstrarframlag Rangárbings ytra	4	699.992.313	695.572.285	625.120.558
Rekstrarframlag Ásahrepps	4	127.520.378	124.487.715	111.673.182
Þjónustutekjur	3	90.566.377	90.491.000	101.184.951
		<u>918.079.068</u>	<u>910.551.000</u>	<u>837.978.691</u>
Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld	2	625.534.433	607.767.000	556.856.645
Annar rekstrarkostnaður	3	285.698.605	298.912.000	280.592.371
		<u>911.233.038</u>	<u>906.679.000</u>	<u>837.449.016</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .		6.846.030	3.872.000	529.675
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				
Vaxtatekjur		114.334	52.000	140.021
Fjármagnstekjuskattur		(25.153)	0	(24.412)
Vaxtagjöld og verðbætur		(6.935.211)	(3.924.000)	(645.284)
		<u>(6.846.030)</u>	<u>(3.872.000)</u>	<u>(529.675)</u>
Rekstrarniðurstaða ársins		<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	Skýr.	2018	2017
Fastafjármunir			
Fyrirframgreiddur kostnaður	6	83.015.746	0
Fastafjármunir samtals		<u>83.015.746</u>	<u>0</u>
Veltufjármunir			
Krafa á Rangárþing ytra	4	25.248.785	52.285.080
Krafa á Ásahrepp	4	1.503.601	505.054
Fyrirframgreiddur kostnaður	6	3.189.582	0
Aðrar skammtímakröfur		19.268.761	15.259.087
Handbært fé		31.498.660	572.813
Veltufjármunir samtals		<u>80.709.389</u>	<u>68.622.034</u>
Eignir samtals		<u>163.725.135</u>	<u>68.622.034</u>
Langtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir	5	100.327.918	0
		<u>100.327.918</u>	<u>0</u>
Skammtímaskuldir			
Brú lífeyrissjóður	6	0	6.535.424
Aðrar skammtímaskuldir		63.397.217	62.086.610
Skammtímaskuldir samtals		<u>63.397.217</u>	<u>68.622.034</u>
Skuldir samtals		<u>163.725.135</u>	<u>68.622.034</u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2018

	Skýr.	2018	Áætlun 2018	2017
Rekstrarhreyfingar				
Rekstrarniðurstaða ársins		0	0	0
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:				
Verðbætur langtímalána		2.984.783	0	0
Veltufé frá rekstri		2.984.783	0	0
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda:				
Fyrirframgreiddur kostnaður, (hækkun)	(	86.205.328)	0	0
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		22.028.074	0	(26.754.973)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun	(	5.224.817)	0	21.658.248
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda	(	69.402.071)	0	(5.096.725)
Handbært fé (til) rekstrar	(	66.417.288)	0	(5.096.725)
Fjármögnunarhreyfingar				
Tekin ný langtímalán		97.343.135	0	
		97.343.135	0	0
Breyting á handbæru fé		30.925.847	0	(5.096.725)
Handbært fé í ársbyrjun		572.813	0	5.669.538
Handbært fé í lok ársins		31.498.660	0	572.813

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

- a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.
- b. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjors á árinu 2018 er færð til eignar og eru framlag í lífeyrisaukasjóðs gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlánir og ársreikninga sveitarfélaga.
- c. Viðskiptakröfur eru færðar niður um 1,3 millj. kr. í efnahagsreikningi. Hér er ekki um endanlega afskrift er að ræða heldur er myndaður mótreikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kanna að tapast og er hann dreginn frá skammtímakröfum í efnahagsreikningi.

2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld sundurliðast þannig:	2018	Áætlun 2018	2017
Laun	497.118.767	488.051.000	442.656.078
Launatengd gjöld	119.868.361	116.605.000	106.086.280
Áfallinn launakostnaður, breyting	0	0	(5.471.716)
Framlög til Brúar lífeyrissjóðs	3.189.576	3.100.000	6.535.424
Áfallið orlof, breyting	5.357.729	11.000	7.050.579
	<u>625.534.433</u>	<u>607.767.000</u>	<u>556.856.645</u>
		2018	2017
Fjöldi starfsmanna í árslok		102	98
Fjöldi stöðugilda í árslok		84	78

3. Heildaryfirlit um rekstur

	Ársreikningur 2018				Áætlun 2018
	Tekjur	Laun	Annar rekstrark.	Mismunur	Nettó
Fræðslunefnd, sameiginlegt	0	930.791	1.449.719	(2.380.510)	(2.601.000)
Framlög til Brúar lífeyrissjóðs	0	3.189.576	0	(3.189.576)	(3.100.000)
Grunnskólinn Hellu	8.180.489	219.550.707	112.977.743	(324.347.961)	(326.443.000)
Mötuneyti Hellu	29.720.416	14.995.338	14.725.078	0	0
Skóladagheimili Hellu	1.655.075	5.948.517	3.771.379	(8.064.821)	(8.563.000)
Laugalandsskóli	38.960.951	117.704.325	93.493.587	(172.236.961)	(173.493.000)
Mötuneyti Laugalandi	23.343.099	13.299.266	10.043.833	0	0
Heklukot	17.079.096	169.334.536	50.630.577	(202.886.017)	(198.651.000)
Leikskólinn Laugalandi	8.942.902	79.702.688	26.993.522	(97.753.308)	(92.080.000)
Bókasafnið Hellu	11.000	306.376	3.758.016	(4.053.392)	(4.797.000)
Bókasafnið Laugalandi	34.500	572.313	4.070.745	(4.608.558)	(4.845.000)
Bókasafnið Þykkvabæ	17.500	0	1.163.057	(1.145.557)	(1.615.000)
Millifærslur	(37.378.651)	0	(37.378.651)	0	0
	<u>90.566.377</u>	<u>625.534.433</u>	<u>285.698.605</u>	<u>(820.666.661)</u>	<u>(816.188.000)</u>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				(6.846.030)	(3.872.000)
				<u>(827.512.691)</u>	<u>(820.060.000)</u>

Skýringar, frh.

4. Skipting rekstrar og framlög aðildarsveitarfélaganna

	Rangárping ytra	Ásahreppur	Samtals
Fræðslunefnd, sameiginlegt	2.016.542	363.968	2.380.510
Framlög til Brúar lífeyrissjóðs	2.701.906	487.670	3.189.576
Grunnskólinn Hellu	271.705.098	52.642.863	324.347.961
Skóladagheimili Hellu	6.755.871	1.308.950	8.064.821
Laugalandsskóli	144.282.271	27.954.690	172.236.961
Heklukot	174.458.887	28.427.130	202.886.017
Leikskólinn Laugalandi	84.056.721	13.696.587	97.753.308
Bókasafnið Hellu	3.395.512	657.880	4.053.392
Bókasafnið Laugalandi	3.860.572	747.986	4.608.558
Bókasafnið Þykkvabæ	959.629	185.928	1.145.557
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	5.799.306	1.046.724	6.846.030
	<u>699.992.315</u>	<u>127.520.376</u>	<u>827.512.691</u>
Staða í ársbyrjun	52.285.080	505.054	52.790.134
Rekstrarframlög	699.992.315	127.520.376	827.512.691
Innborganir á árinu	(727.028.610)	(126.521.829)	(853.550.439)
Staða í árslok	<u>25.248.785</u>	<u>1.503.601</u>	<u>26.752.386</u>

5. Langtímaskuldir við lánastofnanir

Langtímalán við lánastofnanir greinast þannig:

Lánveitandi	Vísitala	Vaxtakjör	Staða
Lánasjóður sveitarfélaga, verðtryggt lán	Nvt	2,50%	100.327.918
			<u>100.327.918</u>
Næsta árs afborganir af langtímalánum við lánastofnanir			0
Langtímaskuldir við lánastofnanir í efnahagsreikningi			<u>100.327.918</u>

Afborganir langtímalána við lánastofnanir greinast þannig á næstu ár:

Árið 2019.....	0
Árið 2020.....	1.401.716
Árið 2021.....	2.803.432
Árið 2022.....	2.803.432
Árið 2023.....	2.803.432
Síðar.....	90.515.906
	<u>100.327.918</u>

6. Önnur mál

Þann 19. september 2016 var samkomulag gert milli Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarsambands Íslands, annars vegar og fjármála- og efnahagsráðherra og Sambandi íslenskra sveitarfélaga hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Breytingarnar voru samþykktar á Alþingi með lögum nr. 127/2016 en þær fela meðal annars í sér breytingu á réttindaávinnslu lífeyrisréttinda í A-deild LSR og Brúar (Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga) úr jafnri réttindaávinnslu í aldurstengda auk þess sem lífeyristökualdur er hækkaður úr 65 árum í 67 ár. Við breytingar eru réttindi virkra sjóðsfélaga tryggt með sérstökum framlögum til sjóðanna af hálfu launagreiðenda.

Samhliða því gerðu fjármála- og efnahagsráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga með sér samning um fjármögnun lífeyrisskuldbindinga A-deilda LSR og Brúar með fjárframlögum til sjóðanna, dags. 19. september 2016. Samkvæmt 8. gr. samningsins var hann gerður meðal annars með þeim fyrirvara að hann skyldi öðlast gildi gagnvart einstökum sveitarfélögum og aðilum þeim tengdum við samþykkt stjórna viðkomandi aðila á uppgjöri þeirra á skuldbindingum sem myndast í A-deild Brúar.

Á árinu 2017 voru samþykkt bráðabirgðaákvæði við reglugerð nr. 1212/2015 þar sem mælt er fyrir um reikningshaldslega meðferð ofangreinds uppgjors.

Í upphafi árs 2018 barst Byggðasamlaginu Odda uppgjör vegna hlutdeildar byggðasamlagsins í framangreindu framlagi til Brúar lífeyrissjóðs. Samkvæmt samkomulagi við lífeyrissjóðinn nam heildarframlagið 95.930.328 kr. Um er að ræða framlag í jafnvægisjóð, lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð. Skipting þess er eftirfarandi:

- 4.674.835 kr. framlag í jafnvægisjóð sem ætlað er að koma áfallinni stöðu Brúar í jafnvægi, framlagið var gjaldfært að fullu á árinu 2017.
- 82.391.562 kr. framlag í lífeyrisaukasjóð til að mæta framtíðarskuldbindingu vegna lífeyrisauka, sem gjaldfært er á 30 árum frá 1. júní 2017.
- 8.863.931 kr. framlag í varúðarsjóð sem ætlað er að styðja við lífeyrisaukasjóð, framlagið er gjaldfært á 20 árum frá 1. júní 2017.

Fyrirframgreidd framlög vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Sá hluti sem verður gjaldfærður á árinu 2019 er færður meðal veltufjármuna, en það sem kemur til gjaldfærslu síðar er fært meðal fastafjármuna. Gjaldfærslur vegna uppgjorsins eru færðar meðal launa og launatengdra gjalda í rekstrarreikningi.

Gjaldfærslur vegna uppgjorsins og staða fyrirframgreiðslunnar greinast þannig á árunum 2017 og 2018:

	Jafnvægis- sjóður	Lífeyrisauka- sjóður	Varúðarsjóður	Samtals
Gjaldfært á árinu 2017.....	(4.674.835)	(1.602.058)	(258.531)	(6.535.424)
Skuld við Brú lífeyrissjóð 31.12.2017.....	(4.674.835)	(1.602.058)	(258.531)	(6.535.424)
Uppgjör við Brú lífeyrissjóð.....	4.674.835	82.391.562	8.863.931	95.930.328
Gjaldfært á árinu 2018.....	0	(2.746.380)	(443.196)	(3.189.576)
Staða fyrirframgreiðslu 31.12.2018.....	0	78.043.124	8.162.204	86.205.328

Fyrirframgreiðsla greinist þannig í efnahagsreikningi:

Næsta árs gjaldfærsla, færð meðal veltufjármuna	0	2.746.385	443.197	3.189.582
Langtímahluti fyrirframgreiðslu.....	0	75.296.739	7.719.007	83.015.746
Samtals í efnahagsreikningi.....	0	78.043.124	8.162.204	86.205.328